

Nú er malbikað alla leið frá Reykjavík til Ísafjarðar!



Við erum sérlega glöð þessa dagana. Askar hefur sest og sumarið hefur verið undirbúið. Allir eru í startholunum. Og við erum sérstaklega ánægð yfir einu. **Sumarið 2010** er fyrsta sumarið þar sem hægt er að **keyra frá Reykjavík til Ísafjarðar á malbiki**. Það væri svosem lygi ef við segðum að malbikið sé í draumum okkar og malarvegir í martröðunum, en okkur finnst þetta samt sérlega ánægjulegt. Og þess vegna sendum við út þetta bréf.

En byrjum á byrjuninni.

UPPHITUN: ÖLL VÖTN LIGGJA TIL VESTFJARÐA

AÐ SUNNAN

ÞEGAR KOMIÐ ER AÐ SUNNAN HEFUR LEIÐIN BREYST EILÍTIÐ. Í STAÐ ÞESS AÐ FARA HOLTAVÖRÐUHEIÐI FER MAÐUR AÐRA LEIÐ. STRAX Í **BORGARFIRÐINUM** TEKUR MAÐUR VINSTRI BEYGJU TIL AÐ KOMAST YFIR Í **DALINA**.

Ekið er um **Bröttubrekku** og í **Búðardal**. Við ætlum ekki að vitna í Lónlí Blú Bojs (og þaðan afsíður lagið með Stuðmönnum um að lífið sé brattabrekka endalaust), en benda þess í stað á að Búðardalur er einn af laumuhafnarbæjum Íslands. Niðri á kæjanum er **Leifsbúð**, með kaffisölu, listasýningum og upplýsingamiðstöð.

ÞÁ ER UPPLAGT AÐ SKOÐA SAFNIÐ AÐ **EIRÍKSSTÖÐUM**, ÞAR SEM MAÐUR GETUR SKOÐAÐ ALVÖRU VÍKINGABÆ OG FENGIÐ AÐ PRÓFA VÍKINGAKLÆÐI OG BERA VOPN. FRÁ **BÚÐARDAL** ER EKIÐ Í GEGNUM **SVÍNADAL** OG YFIR GILSFJARÐARBRÚNA. ÞAR VILJUM VIÐ MEINA AÐ VESTFJARÐAFERÐIN BYRJI FYRIR ALVÖRU. EN FYRST SMÁ HLIÐARSPOR.

Að norðan

FYRIR ÞÁ SEM ERU AÐ KOMA AÐ NORÐAN (EÐA AÐ FARA NORÐUR): SUMIR SEGJA AÐ BETRA SÉ AÐ FARA **LAXÁRDALSHEIÐI** OG SÍÐAN PRÖSKULDA, JAFNVEL ÞÓ LAXÁRDALSHEIÐI SÉ EKKI MALBIKUÐ, ÞAR SEM HÚN ER VÍST BETRI YFIRFERÐAR EN STRANDIRNAR. UM ÞETTA MÁ DEILA OG LÍKLEGA GAMAN AÐ FARA SITTHVORA LEIÐINA INN Á OG ÚT AF SVÆÐINU.

Á Vestfjörðunum

SÆNSKT MÁLTÆKI SEGIR AÐ ELSKAÐ BARN BERI MÖRG NÖFN. VEGURINN YFIR **PRÖSKULDA** ER ALLT Í SENN, UNGUR, ELSKAÐUR OG MEÐ MÖRG NÖFN. VEGURINN UM GAUTSDAL, ARNKÖTLUDAL EÐA PRÖSKULDA, ÞAÐ VAR SPURNINGIN. VEGAGERÐIN ÞURFTI AÐ ÞREFA OG ÞELA LENGI ÁÐUR EN ÁKVEIÐ VAR AÐ VEGURINN SKYLDI HEITA PRÖSKULDAR. VEGURINN TENGIR SAMAN DALI OG STRANDIR. ÞEGAR MAÐUR HEFUR KEYRT ÞENNAN NÝJA VEG ÚR DÖLUNUM ER MAÐUR STEINSNAR FRÁ **HÓLMAVÍK**.

Hólmavík er miðstöð galdra og þar er fyrri hluti **galdrasýningarinnar**, en það vita nú allir. Það

sem færri vita er að rétt hjá Hólmavík er **Sauðfjársetrið**, þar sem ungir gera kynnst fjárbúskap og fengið að gefa heimalningunum, og þeir eldri rifjað upp lyktina af hrútaböndum og reynt með sér í markagreiningu (tvístýft aftan hægra, blaðstýft aftan vinstra).

Þegar komið er yfir Steingrímsfjarðarheiði er komið að hinum stóru vegabótunum sem eru á leiðinni frá Þjóðvegi 1 til Ísafjarðar, nefnilega brúarinnar yfir **Mjóafjörð**. Í stað þess að fara gamla fjallveginn er nú keyrt fyrir Reykjanes, að okkar mati í mun fallegra vegastæði. Á Reykjanesinu, nánar tiltekið í **Vatnsfirði**, hefur í nokkurn tíma verið unnið að **fornleifauppgreftri** sem gaman er að skoða.

Stuttan spöl frá Mjóafjarðarbrúnni er **Heydalur** þar sem Stella tekur á móti hópum og fjölskyldum með dásamlegum mat og miklu úrvali afþreyingar, svo sem kajakróðri, hestaferðum eða sulli í náttúrulegri laug sem þar er.

Já, við vitum að firðirnir eru margir og erfitt að muna hvað þeir heita (af hverju eru þeir ekki í stafrófsröð eins og göturnar í Breiðholtinu?). En þeir hafa hver sinn sjarma og skemmtileg stopp við hverja beygju, sem ekki verða nefnd hér.

Nema, að þegar maður kemur inn í **Skötufjörðinn** sér maður vel út í **Vigur**. Þangað verða nú allir að koma í það minnsta einu sinni á áratug (siglt er daglega frá Ísafirði). Í Skötufirðinum sjálfum er ein nýjung í boði. Þar hefur ævagamalt hús verið gert upp, **Litlibær**, og er þar gaman að stoppa og fá sér kaffi og meðdí.



Þegar til **Ísafjarðar** er komið fara flestir hópar í einhverja bátsferð. Sjólfpróttamiðstöð Íslands kalla sumir Ísafjörð, og það ekki að ósekju. Vinsælt er að fara út í Vigur, sem áður hefur verið nefnt. Margir hópar, sérstaklega eldri borgarahópar, skella sér í bátsferð norður á **Hesteyri**. Hópar yngri fólks skella sér í dagsgönguferð á **Hornströndum**. Þá er best að tala við **Vesturferðir**, skrifstofu sem sér um svoleiðis lagað stúss.

Sumarið 2010 er merkilegt fyrir þær sakir að vera það síðasta sem **Óshlíðin** er ekin, því bráðum verða göngin til **Bolungarvíkur** opnuð.

HÓTEL ÍSAFJÖRÐUR, GAMLA GISTIHÚSIÐ OG HÓTEL EDDA DEKKA SAMAN ALLAN VERÐ- OG ÍBURÐARSKALANN FRÁ SVEFNPOKAGISTINGU Á EDDUNNI OG GAMLA GISTIHÚSINU TIL FORSETASVÍTUNNAR Á HÓTEL ÍSAFIRÐI.

ÞETTA VERÐUR EKKI LENGRA AÐ ÞESSU SINNI. AÐALMÁLID ER AÐ NÚ ER MALBIKAÐ ALLA LEIÐ OG AÐ BÆÐI FERÐIN OG ÁFANGASTAÐURINN ERU VERÐ TÍMANS. ALLA LANGAR AÐ KOMA VESTUR EN MARGIR HAFU FRESTAÐ ÞVÍ LENGI. **EKKI FRESTA ÞVÍ EINU SINNI ENN AÐ KOMA VESTUR.**

KVEDJUR,

HÓTEL ÍSAFJÖRÐUR, GAMLA GISTIHÚSIÐ OG HÓTEL EDDA Á ÍSAFIRÐI